B I A S
Ritað 15.okt.1936.
1 blað qto.

II - 3

# Bias.

Bias var grískur heimspekingur og talinn meðal „hinna sjö vitru" (de syv Vise).
Hann var fæddur um 570 árum fyrir Krists-burð, og eru mörg spakmæli eftir honum höfð, t. d. þessi:

„Þekkingin er hin eina gæði, sem maðurinn getur ekki án verið."

„Ríkastur allra er sérhver sá, er engar óskir þarf fram að fara, né fá fullnægt."

— Þegar Bias varð að flýja fæðingarborg sína, Priene, hvöttu samborgarar hans hann til þess, að flytja með sér allt það er hann átti — „allt sitt" — eins og sjálfir þeir ætluðu að gjöra, svo að óvinirnir, sem sátu um borgina, fengi eigi komizt yfir það, eða náð því, sem öðru herfangi. Þessari áskorun þeirra svaraði Bias á þessa lund:

„Aleiga mín er ekki annað en ég sjálfur, og með annað fer ég ekki!" —

Er þetta orðatiltæki hans víðfrægt síðan og hefir lifað í vörum þjóðanna um 2500 ára skeið, enda sýnir það, hversu þessi vitri maður var ánægður með kjör sín og óháður hinum tímanlegu gæðum. Þetta hið sama getur og sérhver sá maður sagt, sem að lokum verður að yfirgefa heim þennan:

„Ég fer að eins með aleigu mína, en það er sjálfur ég!"

15. okt. 1936.